

FORELDRAFÉLAG SMÁRASKÓLA

Aðalfundur fyrir starfsárið 2024-2025, haldinn í sal Smáraskóla 22. maí 2025

Fundargerð

Stjórn foreldrafélags Smáraskóla 2024-2025 skipuðu Guðrún Lilja Tryggvadóttir, Guðrún Svava Baldursdóttir, Hildur Einarsdóttir, Kristján Haukur Flosason (formaður og ritari), Lís Pétursdóttir, Stella Rún Steinþórsdóttir (gjaldkeri), Telma Sæmundsdóttir.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristján formaður setti fundinn og talaði almennt um hlutverk foreldra og foreldrafélagsins. Kristján stakk upp á sér sjálfum sem fundarstjóra og undirrituðum sem ritara.

Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir viðburði þessa skólaárs, foreldraröltið, samstarf stjórnar við Samkóp og Skólaráð. Einnig fjallaði hann um húsnæðismál skólans sem foreldrafélagið hefur veitt nokkrum kröftum í, m.a. með áskorun til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar.

Skýrslur nefnda

Engar nefndir fara verið starfandi.

Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri kynnti ársreikninginn. Athygli var vakin á því að uppgjörstímabil er að þessu sinni styttra en áður en stefnt er að því að framvegis verði uppgjörstímabil frá 1. maí undanfarandi árs til 30. apríl og stemmi þannig við tímasetningu aðalfundar í maí.

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda hafa ekki verið sendir út fyrir þetta skólaár en verða sendir út í byrjun næsta skólaárs og aftur eftir áramót 2026 til að leiðrétta stöðuna.

Fundurinn samþykkti reikninginn.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fram á fundinum.

Árgjald félagsins ákveðið

Árgjald var hækkað á síðasta aðalfundi - úr 4.000 í 4.500 á fjölskyldu. Lagt til óbreytt árgjald.

Fundurinn samþykkti óbreytt árgjald.

Kosning stjórnar

Eftirfarandi hafa boðið sig fram í stjórn:

Bergljót Pétursdóttir, Guðmundur Hólmar Helgason, Guðrún Lilja Tryggvadóttir, Guðrún Svava Baldursdóttir, Kristján Haukur Flosason, Stella Rún Steinþórsdóttir, Telma Sæmundsdóttir.

Framboð samþykkt og ákveðið að stjórnin kjósi fulltrúa í skólaráðið og skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

Kosning skoðunarmanns ársreikninga

Einar Kristján Jónsson bauð sig fram til aðalmanns.

Framboð samþykkt.

Skýrsla skólaráðsfulltrúa

Dúna skólaráðsfulltrúi sagði stuttlega frá starfi skólaráðsins og þátttöku foreldrafélagsins í því. Á þessu skólaári hefur meðal annars verið fjallað um breytingar á skólalóð sem verða gerðar á næstu mánuðum

Önnur mál

Rætt um mögulegar breytingar á fjalla- og hólaferðum þannig að það fari undir skólann sjálfan í stað bekkjarfulltrúa og efla þannig mögulega þátttöku.

Fundi slitið kl 20.32

Bergljót Pétursdóttir ritari